



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í ágúst. Efni þarf að berast í síðasta lagi 1. ágúst 2020

ÍBÚAFUNDUR!!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum **Þriðjudaginn 9. júní nk. kl. 20:00.**

Kynntar verða niðurstöður ársreiknings 2019. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is

1. Ársreikningur 2019.

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði ársreikningsins.

2. Úrgangsmál.

Á fundinn mætir starfsfólk frá Íslenska gámafélaginu og fer yfir flokkunarmál og veitir upplýsingar

3. Umræður og önnur mál.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

5. júní-2. júlí: og 4. ágúst-14. ágúst

Mánud-föstud: 13:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Frá 3. júlí –3. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 10:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-18:00



Júní 2020
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.
350 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Júní mánuður fagnar okkur með að það er komin græn slika á útsýnið og sumarið handan við hornið. Ein afleiðingin við að búa á Íslandi er sú að það er aldrei sama staða og á síðasta ári varðandi veður og tíðarfarar. Í fyrra var nánast komin sláttur um mánaðarmótin maí/júní en núna er lengra í það. Í fyrra ringdi nánast ekkert frá því í maí og fram í lok júlí en núna er ekki skortur á vætu. Að sumu leiti er það heppilegra að sveiflurnar séu minni, allavegna höfum við minni áhyggjur af vatnsbúskapnum þetta árið. Varðandi veðrið vil ég benda á að núna er á heimsíðu sveitarfélagsins fludir.is hægt að sjá rauntímaupplýsingar frá veðurstöð sveitarfélagsins sem er staðsett á ráðhúsinu.

Annars hafa síðustu vikur verið krefjandi að glíma við afleiðingar Covid-19 og samfélagslegar aðgerðir vegna þessa faraldurs en við getum litið nokkuð sátt í baksýnispegilinn og þakka ég íbúum, fyrirtækjum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir skynsama nálgun á ástandið. Það hafa verið að birtast opinberar upplýsingar um stöðuna og verið að reyna að setja upp forsendur til að geta áttað sig á stöðunni, bæði gagnvart rekstri sveitarfélaga og stöðu almennt hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Í Hrunamannahreppi er því miður nokkuð um atvinnuleysi en þar er greint á milli hefðbundis atvinnuleysis og þeirra sem eru á hlutabótaleiðinni. Í aprílmánuði var almennt atvinnuleysi 7,3% og hlutabótaatvinnuleysi 9,8%, eða samtals 17,1%. Gert er ráð fyrir að þetta fari verulega minnkandi inn í sumarið og vonandi kemst ástandið í skikkanlegt horf í sumar.

Sveitarfélagið mun halda áfram með ákveðnar aðgerðir eins og fresta greiðslu gjalda o.fl. sem nýtist þeim aðilum sem verst hafa orðið úti og halda áfram með gott framkvæmdastig. Hins vegar er ljóst að sveitarfélagið verður fyrir tekjusamdrætti og við þurfum auknar lántökur til að halda hlutunum gangandi. Sveitarfélagið sótti um sumarstörf fyrir námsmenn sem verkefni á vegum Vinnuálastofnunar og fékk úthlutað tveimur stöðugildum og erum við að vinna í að manna þau. Þá eru nokkrar umsóknir í vinnuskólann en almennt miðað við viðbrögðin við báðum þessum úrræðum þá virðist atvinnuástand þessa hóps vera sem betur fer þökkalegt.

Annars er lífið að komast í eðlilegra horf og stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki í sveitarfélaginu eru að opna hægt og bitandi. Það biðu margir eftir því að komast í sund þann 18. maí og ekki spillir fyrir að hægt er að komast í „kalt“ það fyrir þá sem það vilja. Þá opnaði tækjasalurinn þann 25. maí og almennt er íþrótt-, tómsunda- og félagslíf að komast í venjulegt horf. Þá er afar gleðilegt að fyrirtækin eru að opna aftur þó það verði töff að takast á við ástandið.

Sveitarfélagið ætlar að taka þátt í markaðsaðgerðum til að styðja við ferðapjónustuna og vekja athygli á sveitarfélaginu. Bæði er það gert í gegnum Markaðsstofu Suðurlands og einnig einstakar aðrar aðgerðir en ljóst er að hart verður barist um íslensku bitana á markaðnum í sumar. Hins vegar er það líka ljóst að frumkvæði og hugkvæmni ferðapjónustuaðila skipta höfuðmáli hér því þar gerast nú oftast hlutirnir og mikilvægt að ferðapjónustuaðilar í sveitarfélaginu vinni saman og við bendum á og skiptum við okkar fólk.

Annars eru ýmis verkefni að komast í gang á vegum sveitarfélagsins. Búið er að semja við Fögrusteina um að ganga frá plani við Félagsheimilið og þá er ljósleiðaraverkefnið að fara af stað á Flúðum en Gröfütækni mun sjá um verklegar framkvæmdir. Það tókst síðan að fá verktaka í endurnýjun á hluta af afréttargirðingunni en Kolbeinn á Heiðarási í Þingvallasveit tekur verkefnið að sér en því miður hefur ekki verið áhugi innan sveitar á þessu verkefni. Þá eru hafnar byggingaframkvæmdir á Flúðum á nokkrum íbúðum og greinilega áhugi á lóðum hér. Það sóttu þrír aðilar um endurúthlutun á lóðinni að Suðurhófi 2 sem er afar ánægjulegt. Verið er að vinna í að útbúa útboð á 1. áfanga í gatnaframkvæmdir í Laxárhlið sem verður mjög skemmtilegt verkefni.

Þá þarf Hitaveitan að hafa hraðar hendur að auka vatnsöflun sína fyrir veturinn og sem betur fer eru nokkar leiðir í stöðunni. Verið er að horfa á möguleika á að kaupa vatn úr Grafarholunni, bora á Flúðum og sækja vatn úr Kópsvatnsholunni en trúlega þurfum við á næstu árum á öllum þessum úrræðum að halda ef uppbygging heldur áfram en spurning er hvað er fljótlegast að fara í á þessari stundu.

Þá hefur sá áfangi náðst að búið er að forma skilmála þannig að hægt sé að klára friðlýsingu Kerlingarfjalla en það er spennandi verkefni að hlúa að þessu krúnudjásni okkar og forma verndun og uppbyggingu á svæðinu og hálendismiðstöðinni. Þá hefur verið samþykkt deiliskipulag um fjallaskála á Hrunamannaafretti og vonandi leiðir það til þess að hægt verður að ganga frá lóðaleigusamningum við ríkið þannig að hægt verði að móta svæðið.

Annars eru umhverfismálin alltaf að verða viðameiri í samfélögunum og það var gaman að geta haldið rusladaginn eða umhverfisdaginn hátíðlegan þann 8. maí s.l. Það er alltaf spurning hvað hlutirnir eiga að heita en kannski er orðið rusl að verða dálítið úrelt eins og að tala um ruslahauga í stað gámasvæðis og það þarf að hafa í huga að úrgangur getur verið verðmæti í sjálfu sér.

Hins vegar er það klárt að við breytum ekki heiti ruslamálaráðherrans sem er „löggilt“ stöðuheiti í samræmi við það.

Ég vil síðan þakka Ragnheiði Georgsdóttur ruslamálaráðherra fyrir góð störf og það var einkar góð hugmynd hjá henni að vera með lokahóf og gigg fyrir utan Flúðasveppi í lok dags.

Annars er það alltaf barátta að fá fólk til að flokka og gæta að umhverfi sínu varðandi úrgang sem það tekur með sér. Ég vil reyndar meina að við sem einstaklingar verðum að bera ábyrgð á okkur sjálfum og okkur sé ekki alltaf ofraun að taka úrgang með okkur og flokka hann á þeim stöðum sem við þekkjum til. Hins vegar sem viðleitni til að prófa hvort fólk virðir flokkun hefur í tilraunaskyni verið komið upp flokkunarstjórnunni við Lækjargarðinn sem ég vona að gestir og gangandi noti á réttan hátt. Varðandi úrgangsmál þá hefur Tómas Þórir hætt að þjónusta gámasvæðið og búinn að selja græjurnar. Vil ég þakka honum eljuna í gegnum árin eða áratuginu að bjóða upp á þessa þjónustu og almennt með áhuga á úrgangsmálum og þjónustu við þau og sveitarfélagið.

Annars eru fleiri nýmæli í gangi. Búið er að ganga til samstarfs við Kaffi Grund um að þau reki almenningssalerni í sumar og sveitarfélagið styrki þá starfssemi. Þetta er tilraunaverkefni en vonandi verður í framtíðinni þjónustustigið það öflugt að þjónustufyrirtækin geti sinnt þessu en þessi aðgerð kemur í kjölfar þess að Krambúðin aflagði sín salerni sem okkur hefur þótt lítill metnaður í þó búðin líti vissulega betur út eftir breytingarnar.

Þá verða einnig breytingar varðandi framkvæmd á 17. júní hátíðinni vegna áhrifa Covid-19. Tekin hefur verið ákvörðun að þetta árið verði hátíðin fyrst og fremst hugsuð fyrir börn og aðstandendur þeirra til að koma í veg fyrir of mikinn fjölda og smithættu. Vonandi getum við notað Lækjargarðinn og umhverfi hans í þessum tilgangi en við munum samt halda okkur við að veita umhverfisviðurkenningar og afhenda verðlaun vegna íþróttamanns Hrunamannahrepps og viðurkenningar til afreksfólks. Varðandi verðlaun þá er Guðmundur Magnússon búinn að smíða fyrir okkur verðlaunaskáp í enda Huppusalarins í Félagsheimilinu þar sem samtök og félög í Hrunamannahreppi geta komið gripum sínum í góða geymslu. Þetta verkefni er tilkomið til þess að vekja athygli á þessum gripum sem hafa rykfalið víða í geymslum og þessi djásn gleymist ekki eða tynist í tímanna rás.

Það eru fleiri sem hafa fengið verðlaun, en Kristín Erla Ingimarsdóttir kennari við Flúðaskóla var valinn nýsköpunarkennari grunnskólanna 2020 vegnafrumkvöðlastarfs við nýsköpun í kennslu. Vil ég óska henni til hamingju með verðlaunin og þetta endurspeglar það góða starf sem Flúðaskóli hefur verið að vinna að á ýmsum stigum kennsluhátta.

Það er síðan gaman þegar nýjir aðilar koma á fót starfssemi. Nú hafa JB viðgerðir opnað nýtt verkstæði að Smiðjustíg 2 þannig að það er mikil og fjölbreytt starfssemi komin í Steðja. Þá mun íþróttafélagið ÍBU spila fótbolta í sumar í 4. deild karla undir þessu sameiginlega merki Uppsveita. Það er mín von og trú að þetta sé upphafið að því að Uppsveitir stofni sameiginlega íþróttafélag til að halda utan um og efla starfssemi íþróttafélaganna í uppsveitum Árnessýslu.

Þessinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótum þess.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:
Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18



Bókasafnið býður gestum uppá afnot af tölvu, 30 mínútur á 150 kr.

Krakkar! Á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn ☺

Minnum á að alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.


Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



Bíll til sölu!

Skoda Octavia Combi diesel árgerð 2008, ekinn 280.000 km. Nýskoðaður, nýleg tímareim nr.2. Allt gangverk hefur verið í góðu viðhaldi. Sömu eigundur frá upphafi.

Verð: 450.000 kr

Erum á Flúðum

Þorbjörn sími: 892 7030

Kristín sími: 822 8230

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Aðalfundur UMFH verður haldinn í Húppusal miðvikudagskvöldið 10.júní kl 20.00
Vonumst til að sjá sem flesta.
Stjórn UMFH

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Sumaropnun / Summer opening hours

Opið alla daga frá kl. 11-17:30.

Open everyday from 11am to 5:30pm



MELUM, FLÚÐUM
HRUNAMANNAHREPP



Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



Við viljum bjóða ykkur velkomin á nýtt verkstæði okkar Smiðjustíg 2.
Bjóðum upp á kaffi á milli 14-16 þann 6. júní.

Við höfum bætt við okkur bílavörum og efnavörum frá N1 sem viðbót við lausnir okkar.

- Hjólbarðapjónusta •Bíla viðgerðir
- Smurpjónusta •Hjólstillingar
- Bílanagreiningar •Ryðvarnir
- Dekkjasala

Tímapantanir og upplýsingar í síma 865-5678

Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heiðind frá landnámi



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opnun á nýjan leik föstudaginn 8. maí 2020.

We will open on the 8th of May 2020.

Eldhúsið verður opið alla daga frá kl. 11.00 til 21.00.

The kitchen will be open every day from 11.00 until 21.00.

Borðapantanir eru í síma 486-6454

For reservations call 486-6454

**Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur,
þá minnum við á „take away“ fyrir þá sem það vilja.
Getum komið með matinn út í bíl til afhendingar, ef þess er óskað.**

***As our seating capacity will be limited at least over the next few
weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your
car, if requested.***

**Verið velkomin!
*Everyone welcome!***

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is

80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessyslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiðir 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Umhverfisdagurinn 8. maí



Völlurinn gerður klár fyrir fyrsta leik Íþróttafélagsins ÍBU



Fjölskyldudagur í fótboltagolfi:



Sunnudaginn 14. júní kl. 14 verður haldinn fjölskyldudagur á Markavelli, sem er staðsettur rétt austan við Flúðir, á móts við afleggjarann að Miðfells-bæjunum. Viðburðurinn er opinn öllum sem vilja prufa eitthvað nýtt, börnum sem fullorðnum. Það verður leiðbeinandi á staðnum sem kennir okkur þessa skemmtilegu íþrótt/hreyfingu.

Fótboltagolf er frábær íþrótt sem hentar flestum, ömmum og öfum, vinahópum og fjölskyldum.

Við bjóðum uppá að fólk komi sjálft með fótbolta en við sköffum líka bolta og erum með pumpur á staðnum. Viðburðurinn fer fram í guðsgrænni náttúrunni og við biðjum alla að virða 2 m regluna fyrir þá sem óska þess. Eins verða sóttvarnarbrúsar á staðnum og mögulegir snertifletir hreinsaðir fyrir viðburðinn. Nýtum okkur sóttvarnir og „Við erum öll almannavarnir“.

Verið velkomin og eigum góða stund saman. Fótboltagolf Markavelli í samstarfi við Heilsueflandi samfélag í Hrunamannahreppi.



SMARI



Smárareiðtúr

Kæru Smárafélagar

Nú er hugmyndin að blása til reiðtúrs helgina 15-16 ágúst. Við ætlum að hittast um kl.13:00 á laugardeginum í Fossnesi og þaðan verður farinn góður reiðtúr. Um kvöldið ætlum við að grilla saman og síðan er gisting í boði fyrir þá sem það vilja. Á sunnudeginum er hestamessa að Stóra Núpi og þar munum við að sjálfsgöðu fjölmenna

Nánari upplýsingar koma síðar, en endilega takið þessa helgi frá fyrir frábæran reiðtúr og samveru.)

Reiðtúrsnefnd Smára

Hulda sími: 895 0096, netfang: hreppholar@gmail.com
og Svanhildur sími: 869 3094, netfang: svanhildur@fludir.is

Munið að panta hjá okkur í síðasta lagi 27.júlí:)

Styrkir til félagasamtaka vegna heilsueflandi viðburða

Félagasamtök sem taka þátt í að skapa okkar heilsueflandi samfélag með því að taka að sér verkefni eða vera með viðburð, geta nú sótt um styrk fyrir utanumhald og framkvæmd. Verkefnin þurfa að styðja við þema ársins í heilsueflandi samfélagi og ná ekki aðeins til eigin félaga/iðkenda heldur líka til nærsamfélagsins. Þá bæði fullorðinna og barna. Til að fá 50 eða 100 þúsund styrk þá þarf verkefnið/námskeiðið að vera með leiðbeinanda. Til að tryggja góða þátttöku er æskilegt að viðburðir/námskeið sem fá styrk séu auglýstir í fréttabréfi og á samfélagsmiðlum. Í ár eru 200 þúsund í þessum styrktarsjóði.

Styrkuppþæðir:

- 30 þúsund: utanumhald og framkvæmd viðburða t.d. kvennahlaupið. Tímalengd viðburðar: 2-3 klst.
- 50 þúsund fyrir 3-4 klst. viðburð/námskeið með leiðbeinanda eða kennslu
- 100 þúsund fyrir stærri viðburð: 4-8 klst. yfir 2-3 daga, einnig með leiðbeinanda eða kennslu.

Þema hvers árs er:

- 2020: Hreyfing og útivera
- 2021: Næring
- 2022: Geðrækt, líðan og félagsleg virkni
- 2023: Heilbrigðir lifnaðarhættir, öryggi og sjálfbærni

Nánari upplýsingar gefur

Gunnar Gunnarsson
verkefnastjóri
Heilsueflandi samfélag í Hrunamannahrepp
heilsueflandi@fludir.is
Sími: 8925532



Velkomin í Vefverslun Friðheima



Núna getur þú greitt fyrir ferska grænmetið okkar með snertilausum viðskiptum og svo kikir þú til okkar í Friðheima daginn eftir og sækir!

Kíktu á vefverslunina okkar á www.fridheimar.is/vefverslun

Tómatar (fýmsar tegundir), gúrkar, basilíka í potti og salat. Einnig erum við með dásamlegu góðgætavörurnar okkar til sölu í vefversluninni sem og kryddblöndurnar. Má þar til dæmis nefna grillsósar, sultur, ábætissósar, gúrkusalsa og kryddblöndur á lambið, kjúklinginn, nautið, svinið og til að búa til gravlax.

Vefverslunin okkar er opin allan sólarhringinn

Verslunin í andyri Friðheima er opin alla daga frá kl. 9 – 16.

Veitingastaðurinn okkar er opin allan daga frá 12 - 16

Bestu kveðjur, Fjölskyldan Friðheimum

486 8894 - fridheimar@fridheimar.is - www.fridheimar.is/vefverslun



Flokkunarhornið.

Þessi flokkunarstjarna hefur verið sett upp við innganginn að Lækjargarðinum á Flúðum. Góðar merkingar eru til staðar, þannig að það ætti að vera auðvelt að flokka rétt. Rusl á aldrei að setja fyrir utan flokkunarílát.



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00, Föstudaga: 09:00-12:00

Skrifstofan er lokuð vegna sumarleyfa frá:

6. júlí til og með 24. júlí.

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2020

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2020. Þetta er nítjándi sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta. Allar göngurnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema gangan 18. júní sem er fimmtudagur og dagsgöngurnar 18. júlí og 29. ágúst sem eru farnar á laugardögum. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í dagsgöngurnar. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni “Gönguferðir í Hrunamannahreppi“.

1. ferð er 27. maí. Hrepphólar – Hólahnjúkar

Lagt af stað frá Hrepphólakirkju kl. 20:00 og gengið í kringum Hólahnjúka sem eru stórkostlegir stuðlabergshnjúkar. Endað við Hrepphólakirkju. Þetta er létt og skemmtileg leið sem er mikil náttúruperla. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir í Áshlíð mun leiða gönguna. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 2 klst.

2. ferð 3. júní. Bryðjuholt - Ásaganga

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu í Bryðjuholti. Þaðan er gengið upp á bæjarásinn, upp á Eldavél, og notið útsýnisins. Síðan er gengið aftur niður og stefnan sett á Bryðjuholtsmúla og gengið eftir honum endilöngum í átt að Flúðum. Gott útsýni er af múlanum og hugsanlega má sjá álfapar með unga synða á tjörn sem leynist bak við Bryðjuholtsmúla. Gengið eftir kóngsveginum til baka. Þægileg ganga í grónu landi en getur verið aðeins blaut. Þórunn, Samúel og Daði í Bryðjuholti munu leiða gönguna. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 2 klst.

3. ferð 10. júní. Langholtsfjall – Tæpastígur - Álfaskeið

Lagt af stað kl 20:00 frá Ásatúni og gengið göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilega göngu á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekktu samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Ásatúni. Gangu sem tekur u.þ.b. 2 klst.

4. ferð er 18. júní (fimmtudagur). Svartárgljúfur - Tungufellsskógur

Mæting við gamla gerðið í Tungufellsdal kl. 20:00. Þaðan er gengið í gegnum ilmandi skóginn í Tungufellsdal og Svartárgljúfur skoðað en í því er mjög fallegur foss. Einnig verður boðið upp á að ganga upp á Tófuhól en þaðan er víðsýnt. Elín Jóna Traustadóttir og Svanur Einarsson í Tungufelli munu leiða gönguna. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

5. ferð er 24. júní. Laugar - Gildurhagi

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

6. ferð er 18. júlí. Fosslækur – Ábóti – Svinárnes. Dagsganga

Þetta er dagsganga, 15-18 km. Ekið er inn í Fosslæk þar sem gangan hefst. Gengið er í Ábótaver og að fossinum Ábóta í Hvítá en hann fellur í gljúfri sunnan undir Bláfelli. Þaðan verður gengið í Svinárnes. Gönguleið er mikið til á grónu landi en gera má ráð fyrir að þurfa vaða ár og sprænur. Gangan er hugsuð sem náttúruskoðun og mun Sigurður H. Magnússon á Högnastöðum fræða göngufólk um gróðurfar og staðhætti en hann hefur stundað gróðurrannsóknir á afréttinum um árabíl. Ferðin er í samstarfi við Landgræðslufélag Hrunamanna. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði vegna aksturs sem verður auglýstur þegar nær dregur.

7. ferð er 12. ágúst. Þórarinsstaðir – Háhnjúkur – Hildarsel –

Þórarinsstaðir

Lagt af stað kl. **19:00** frá

Þórarinsstöðum. Þaðan er gengið á Háhnjúk. Útsýnið þaðan er glæsilegt þó að það ráðist augljóslega af veðri. Þaðan verður gengið niður í Hildarsel sem er eyðibýli og er nú orðið hluti af landi Berghyls. Í Hildarseli eru tóftir eftir búsetu, sem og Hildarselsfoss í Litlu-Laxá en foss þessi fær gjarnan önnur heiti þegar um hann er rætt. Ef tími gefst til má skoða annan foss rétt ofar í ánni. Síðan er gengið til baka að Þórarinsstöðum. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 3 klst. Gangan hefst á langri brekku upp að Háhnjúki en eftir það ætti gangan ekki að vera erfið. Kristín Erla Ingimarsdóttir á Þórarinsstöðum og Sigurjón Snær Jónsson á Berghyl leiða gönguna.

8. og síðasta ferð sumarsins 29. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga Þetta er dagsganga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

LANDSTÓLPI 20
ára
—2000—2020—

Mobil Super
5W30
20W50

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opíð virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opíð virka daga 9-17

Heilsudekur.

Nú get ég loksins boðið upp á heilsudekur á Flúðum!

Ég býð upp á svæðanudd og regndropameðferð, sem er kjarnaolíunudd á háls, axlir, bak og fætur.

Hægt er að panta tíma símleiðis (861-8064), með einkaskilaboðum á Facebook eða með tölvupósti siggathorst@gmail.com.

Ég hlakka til að heyra frá ykkur ☺

Með bestu kveðju,
Sigríður Thorsteinson
Svæðanuddari &
Kjarnaolíumeðferðaraðili



Nú er tækifærið !!

Heilsueflandi kolefnisjöfnun



Skógræktarfélag Hrunamannahrepps stendur fyrir sinni árlegu útplöntun í skógræktarreitinn í Kópsvatnsás.

Við ætlum að hittast mánudagskvöldið 15. júní
um klukkan 20:30.

Mætumst við kofann við Kópsvatnsás.

Við útplöntun leggur þú þitt til að jafna kolefnisspor þín auk þess að efla heilsuna.

Skógræktarfélag Hrunamannahrepps



17.júní 2020 í Hrunamannahreppi

Við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu vegna COVID - 19 höfum við ákveðið að formleg hátíðarhöld fari ekki fram þetta árið. Þess í stað verður Krakka-fjör í Lækjargarðinum frá kl. 13:00 – 16:00 þar sem krakkar á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Íþróttamaður Hrunamannahrepps verður heiðraður og Umhverfisverðlaun Hrunamanna verða veitt í upphafi dagskrár.

**17.júní hlaup
Ærslabelgur
Teygjuhopp
Strandblak
Frisbee golfið opið
Candy floss til sölu
og fleira.**

Vegna fjöldatakmarkana verðum við að biðja fullorðna einstaklinga að takmarka komu sína. Verðlaunaafhendingu verður streymt á Facebook síðunni : *íbúar í hrunamannahreppi-umræður og viðburðir*

Nefndin